

**Ed.**

**594. Nefndarálit**

**[159. mál]**

um frv. til laga um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Tíminn, sem háttv. Ed. er ætlaður til að afgreiða þetta frv., er svo naumt skammtaður, þar sem komið er alveg að þingslitum, að nefndin hefur ekki haft ráðrúm til að athuga frv. til neinnar hlitar.

Þetta er vandasamt mál og margþætt. Sum ákvæði frv. munu vera til bóta miðað við gildandi lög, önnur eru aftur á móti varhugaverð eða jafnvel spor aftur á bak.

Minni hl. menntamálanefndar flytur á sérstöku þingskjali allmargar brtt. við frv. Afstaða hans til málsins mun fara eftir því, hvort þær verða samþykktar.

Alþingi, 18. apríl 1967.

Páll Þorsteinsson,  
frsm.

Karl Kristjánsson.